

Utskrift

úr gjörðabók amtsráðs Norðuramtsins af aðalfundi þess 3.–7. júní 1904.

Ár 1904, hinn 3. júní var aðalfundur amtsráðs Norðuramtsins settur og haldion á Akureyri af amtmanni Páli Briem, amtsráðsmanni Húnavatnssýslu hreppstjóra Birni Sigfússyni á Kornsó, amtsráðsmanni Skagafjarðaasýslu umbodsmanni Ólafi Briem á Álfgæirsvöllum, amtsráðsmanni Eyjafjarðarsýslu Stefáni kennara Stefánssyni á Möðruvöllum og amtsráðsmanni Suðurþingeyjarsýslu Árna prófasti Jónssyni á Skútustöðum.

Á fundinum komu þessi mál til umræðu:

1. Samþykktar voru kosningar þessara manna til amtsráðsins um 6 ára tímabil:
 - a, Prófasts Árna Jónssonar á Skútustöðum sem aðalamtsráðsmanns Suðurþingeyjarsýslu.
 - b, Sýslumanns Steingríms Jónssonar á Húsavík sem varaamtsráðsmanns Suðurþingeyjarsýslu.
 - c, Umbodsmanns Ólafs Briems á Álfgæirsvöllum sem aðalamtsráðsmanns Skagafjarðarsýslu.
 - d, Prófasts Zófóníasar Halldórssonar í Viðvík sem varaamtsráðsmann Skagafjarðarsýslu.
2. Forseti lagði fram reikninga með fylgiskjölum yfir tekjur og gjöld árið 1903:
 - a, Jafnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - b, Búnaðarsjóðs Norðuramtsins.
 - c, Styrtkarsjóðs fátækra ekkna og munadarlausra barna í Eyjafjarðarsýslu og Akureyrarkaupstað.
 - d, Bókasafns Norðuramtsins.
 - e, Prentsmiðjusjóðs Norðuramtsins.
 - f, Búnaðarsjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 - g, Þúsund ára afmælisjóðs Eyjafjarðarsýslu.
 - h, Gróðrarstöðvarinnar á Akureyri.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

3. Forseti lagði fram:
 - a, Reikning Hólakirkju í Hjaltadal frá fardögum til 31. desember 1903 með fylgiskjölum.
 - b, Reikning búnaðarskólans á Hólum frá 6. júní til 31. desember 1902 með fylgiskjölum.
 - c, Reikning sama skóla árið 1903 með fylgiskjölum.

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til endurskoðunar.

4. Forseti lagði fram sýslusjóðsreikninga og sýsluvegasjóðsreikninga fyrir 1903 úr öllum sýslum amtsins, brúarsjóðsreikninga úr Skagafjarðarsýslu og Húna-

vatnssýslu s. á., og ennfremur reikning yfir framhaldskostnað við brúna á **112**
Ytri Laxá í Húnavatnssýslu 1903, alla með tilheyrandi fylgiskjöllum. 7. júní

Amtsráðsmennirnir skiptu reikningum þessum með sjer til yfirskoðunar.

5. Framlögð voru og lesin upp endurrit úr gjörðabókum allra sýslunefnda í
amtinu af fundargjörðum þeirra:

- a, Húnavatnssýslu frá 29. febr. til 5. marz 1904.
- b, Skagafjarðarsýslu frá 1.—7. marz 1904.
- c, Eyjafjarðarsýslu frá 18. júní 1903 og frá 15.—19. marz 1904.
- d, Suðurþingeyjarsýslu frá 29. febr. til 4 marz 1904.

Amtsráðið hafði ekkert við þessar fundargjörðir að athuga.

6. Forseti lagði fram heilbrigðissamþykktir:

- a, Fyrir Húsavíkurborp í Suðurþingeyjarsýslu.
- b, Fyrir Litlaárskógssandssjórborp í Eyjafjarðarsýslu.
- c, Fyrir Saudárkrókskaupþún í Skagafjarðarsýslu.

Heilbrigðissamþykktir þessar hafa verið samþykktar af hlutaðeigandi
sýslunefndum eftir löglegan undirbúning og bornar undir landlækni. Amtsráðið
staðfesti heilbrigðissamþykktir þessar.

7. Forseti lagði fram fjallskilareglugjörð fyrir Skagafjarðarsýslu. Amtsráðið
staðfesti reglugjörð þessa, er skyldi öðlast gildi 1. septbr. 1904. — Forseti
lagði fram fjallskilareglugjörð fyrir vesturhluta Þingeyjarsýslu. Amtsráðið
staðfesti reglugjörð þessa fyrir Suðurþingeyjarsýslu og skyldi hún öðlast
gildi 1. jan. 1905. —

8. Framlagðar voru skýrslur um hag styrktarsjóða í amtinu. Amtsráðið at-
hugaði þær og hafði ekkert við þær að athuga.

9. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 12. marz þ. á.,
þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að sýsluveginum
í Fljótum frá Dritvík um Dæliós að Fljótaárbrú verði breytt þannig að hann
liggi um Haganesvík.

Amtsráðið samþykkti þetta.

10. Framlagt var brjef sýslumannsins í Húnavatnssýslu, dags. 24. marz þ. á.,
þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að vegurinn frá
Bólstaðarhlíð að Bergsstöðum, sem verið hefir hreppavegur, verði gjörður
að sýsluvegi.

Amtsráðið samþykkti þetta.

11. Framlagt var brjef sýslumannsins í Skagafjarðarsýslu, dags. 12. marz þ. á.,
þar sem hann sækir um fyrir hönd sýslunefndarinnar þar, að hún megi taka
2000 kr. lán til 10 ára og 1000 kr. bráðabirgðalán um 1 ár til vegagjörða,
og gat forseti þess jafnframt, að hann hefði 24. marz þ. á. samþykkt lán-
töku þessa uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins.

Amtsráðið samþykkti þetta.

12. Forseti lagði fram brjef, dags. 30. desbr. 1903, frá Búnaðarfjelagi Íslands
um það, að Magnúsi Einarssyni dýralækni væri veitt þóknun fyrir kostnað
og fyrirhöfn með útbýting á bóluefni. Amtsráðið álitur að Búnaðarfjlag

112

7. júní

Íslands ætti að hafa umsjón með útvegum á bóluþefni fyrir land allt og annast um að nægilegt bóluþefni væri jafnan til handa fjáreigendum. Amtsráðið vill því eigi taka mál þetta að sjer, heldur fela Búnadarfjelaginu það til allra framkvæmda.

13. Framlögð voru bónarbrjef um styrk af Prentsmiðjúsjóði Norður- og Austur- amtsins frá námspiltum gagnfræðaskólans á Akureyri Birni H. Guðmunds- syni, Gísla Bjarnasyni og Pálma Jónasi Þórðarsyni og frá námsmeyjum á kvennaskóla Eyfirðinga Helgu Tómasdóttur frá Glerárholti og Jósefinu Stef- ánsdóttur frá Siglufirði. Amtsráðið veitti hverjum umsækjanda fyrir sig 27 kr. styrk.
14. Forseti lagði fram erindi frá oddvita Bólstaðarhlíðarhrepps, dags. 18. apríl f. á., þar sem hann áfrýjar úrskurði sýslunefndar Húnavatnssýslu á sveitar- sjóðsreikning tjeðs hrepps fardagaárið 1901—1902 ásamt umsögn sýslu- mannsins í Húnavatnssýslu, dags. 17. ágúst 1903, og mörgum fylgiskjölum snertandi þetta mál.

1. Í tjeðum reikningi voru taldar eptirstöðvar í vörzlum gjaldkera kr. 266, 24. — Við það gjörði endurskoðandi þá athugasemd, að ef hreppurinn hefði reikning í verzlunum, þá ætti á reikningnum að telja það, sem hann ætti inni eða skuldaði í þeim eins og þetta væri þann dag, er reikningur- inn væri saminn. Sýslunefndin úrskurðaði að þetta skyldi vera til eptir- breytni.

Oddviti óskar, að þessi úrskurður verði felldur úr gildi. — Það er að vísu eigi rjett af sýslunefndinni að heimta talið á reikningnum innieignir og skuldir þann dag, er reikningurinn var saminn, sem var 27. nóvbr. 1902, af því að reikningurinn er fyrir fardagaárið næst á undan. Það verður því að fella úrskurðinn úr gildi eins og hann er orðaður, en jafnframt getur amtsráðið þess, að það er eigi aðeins rjettur sýslunefnda að heimta, að inni- eignir og skuldir hreppa hjá verzlunum við lok fardagaársins sjeu taldar í reikningum hreppanna, heldur er það og skylda sýslunefnda að heimta slíkt.

2. Í eignarskýrslu hreppsins í fardögum 1901 var talin skuld hjá Sveini nokkrum Sigvaldasyni kr. 83,30. Samkvæmt samningi við hreppsnefndina borgaði skuldunautur 20 kr. og gaf hún jafnframt eptir hinn hluta skuldar- innar. Endurskoðandi athugaði að hreppsnefndin hefði eigi fengið samþykki sýslunefndar til þessarar eptirgjafar, en oddviti áleit, að hreppsnefnd væri alls eigi skyld til að leita slíks samþykkis. Sýslunefndin úrskurðaði þá, að þær kr. 63,30, sem óborgaðar voru af skuldinni, skyldu teljast á næsta árs eignaskýrslu, svo framarlega sem hreppsnefndin vildi eigi biðja um sam- þykki sýslunefndar. Oddviti hreppsins óskar að þessi úrskurður verði felldur úr gildi.

Það fje, sem hreppurinn á hjá öðrum og sem talið er í eignaskýrslu hans, heyrir undir innstæðufje hreppsins. Samkvæmt tilskipun 4. maí 1872, 26. gr. 6. tölulíð, má hreppsnefnd eigi eyða innstæðufje sveitarinnar án

samþykkis sýslunefndar; en auk þess hefir sýslunefnd almenna umsjón með hreppsnefndum, sbr. 38. gr. sveitarstjórnarlaganna og verður því að telja úrskurð sýslunefndarinnar lögum samkvæman. **112**
7. júní

15. Forseti lagði fram brjef hreppsnefndariunar í Hvanneyrarhreppi, dags. 27. f. m., þar sem hún óskar að amtsráðið telli úr gildi úrskurð sýslunefndar Eyjafjarðarsýslu á síðasta fundi hennar um sveitarútsvar tveggja manna. Samkvæmt lögum leggur sýslunefndin endilegan úrskurð á kærur um sveitarútsvör og fyrir því verður ósk þessi eigi tekin til greina.

16. Framlögð var beiðni frá hjeraðslækninum í Höfðahverfishjeraði um 1000 kr. styrk til sjúkraskýlis fyrir hjerad þetta. Amtsráðið ályktaði að veita umbeðna upphæð með því skilyrði að hlutaðeigandi sýslufjelög eða sveitarfjellög tæki að sjer ábyrgð á viðhaldi sjúkraskýlisins, þegar það væri byggt, og að þau leggi fram jafnmikla upphæð.

Samþykkt með 3 atkv. gegn 2.

Þegar að því kemur að þessi upphæð verði greidd, ákvað amtsráðið að hún skyldi tekin að láni og afborguð með jöfnum afborgunum á 10 árum.

17. Amtsráðið ákvað að verja mætti kr. 25,67 úr jafnaðarsjóði fyrir sóttvarnarlyf.

18. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikning Hólakirkju í Hjaltadal frá fardögum til 31. desemb. 1903 og var hann samþykktur athugasemdalaust.

19. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikning búnaðarskólans á Hólum frá 6. júní til 31. desemb. 1902 og reikning sama skóla árið 1903 og voru þeir samþykktir athugasemdalaust. — Jafnframt ákvað amtsráðið viðvikjandi athugasemdum um reikninga Hólaskóla 1901—1902 að við svo búið mætti standa.

20. Forseti lagði fram skýrslu um gripi, áhöld og efni Hólakirkju og brjef prófests Zófoníasar Halldórssonar, dags. 25. febr. þ. á., og biskupsins yfir Íslandi, dags. 27. apríl. þ. á., um aðgjörð á ljósa hjálmum og ljósastjökum kirkjunnar, er væntanlega kostar allt að 120 kr. — Amtsráðið ákvað, að þessi aðgjörð mætti fram fara og veitti í því skyni 70 kr. til kirkjunnar á Hólum.

21. Forseti lagði fram skýrslu um búnaðarskólann á Hólum 1903—1904 ásamt brjefi prófests Zófoníasar Halldórssonar um kennslu hans í móðurmálinu, dags. 2. þ. m.

Amtsráðið athugaði skjöl þessi og ákvað, að prenta skyldi skýrslur um búnaðarskólann fyrir 3 síðustu ár.

22. Forseti lagði fram skýrslu um eignir búnaðarskólans á Hólum samkvæmt skoðun og virðingu 15. maí 1904.

Amtsráðið athugaði hana.

23. Forseti lagði fram brjef frá Gísla bónda Þorfinnssyni á Hofi, hjáleigu Hóla, þar sem hann óskar að fá lífstíðarábúð á Hofi með sömu skilmálum, sem hann býr nú við, ásamt skýrslu um jarðabætur hans. Amtsráðið ákvað,

112

7. júní

þar sem eptir eru 4 ár af ábúðartíma leiguliða, að fresta því að gjöra út um þetta mál.

24. Forseti lagði fram brjef kennara við búnaðarskólann á Hólum, bústjóra og tilsjónarmanns um endurbætur á skólahúsinu og bygging leikfímishúss ásamt umsögnum sýslunefnda um málið. Amsráðið ákvað með 3 atkvæðum gegn 2 atkvæðum að fresta málinu til næsta fundar, en jafnframt ákvað það, að verja allt að 200 kr. til nauðsynlegra aðgjörða á skólahúsinu.
25. Lagt var fram brjef frá bústjóra Flóvent Jóhannssyni á Hólum, dags. 20. f. m., þar sem hann óskar að byggt verði »langhús« framan við bæinn, þar sem nú standa skáli og bæjardyr.

Amsráðið gat eigi veitt þetta.

26. Lagt var fram brjef frá bústjóra Flóvent Jóhannssyni á Hólum, dags. 20. f. m., þar sem hann óskar, að amsráðið greiði honum 25 kr. á mánuði fyrir að hirða skólahúsið á Hólum, leggja í ofna, búa um rúm og þvo úr þeim.

Amsráðið ákvað, að bústjórinn skyldi hafa 15 kr. á mánuði síðastliðinn vetur fyrir að hirða skólahúsið, hirða lampa, leggja í ofna og þvo úr rúmum skólasveina.

Ennfremur ákvað það, að veita skólustjóra heimild til að verja allt að 25 kr. á mánuði fyrir þetta, og jafnframt sje bústjórinn leystur frá þeirri skyldu, sem hann hefir samkvæmt samningi við amsráðið, til að gjöra þetta kauplaust.

27. Forseti lagði fram skýrslu um mat á húsum og öðrum mannvirkjum, sem gjörð hafa verið á Hólum í Hjaltadal síðastliðin 2 ár.

1. Fjós 59 fet 4 þl. á lengd, 15 fet 6 þl. á breidd og 10 fet 5 þl. á hæð í mæni, en 9 fet undir mæniása. Hæð á hliðveggjum undir lausholt 6 fet 2 þl.; virt	kr. 1000 00
2. Hesthús 39,9 fet á lengd, 10,8 fet á breidd; hæð undir mæni ása 9 fet, en undir hliðarás 6 fet; virt	— 120 00
3. Hlaða við hesthúsið 17 ál. á lengd, 5 ál. á breidd; hæð í mæni 6 ál., hæð undir hliðarása 4½ ál., virt	— 200 00
4. Túnasljetta á 2 stöðum 360 □ fðm., 30 dagsverk á kr. 2,50	— 75 00
5. Skurður 150 faðma langur, 18 dagsverk á kr. 2,50	— 45 00
6. Vinna við Hjaltadalsá og Hofsa 1902 og 1903, 10 dagsverk á kr. 2,50	— 25 00
7. Aðgjörð á Nýjabæ ásamt nýrri eldavjel	— 185 00
8. Vatnsleiðsluskurðir heim að bæ og fjósi	— 20 00
9. Skurður á Hofseyrum 43 dagsverk á kr. 2,50	— 107 50
10. Túnasljetta sunnan við skólahúsið 346 □ fðm. 28⅞ dags verk á 2,50	— 72 00

Alls kr. 1849 50

Frá þessu dregst matsverð gamla fjóssins, sem lagt er niður — 150 00

Eptir kr. 1699 50

Amtsráðið athugaði við þessa skýrslu, að því virtist dagsverkið of hátt metið á kr. 2,50. Tvö hin síðasttöldu mannvirki hafa verið unnin í vor, þegar dagsverk sveitamanna hafa aðeins verið borguð með 2 kr., jafnvel í kaupstöðum. Það áleit, að eptirleiðis ætti eigi að meta dagsverkið við túnasljettun og skurðagröpt hærra en 2 kr. Ennfremur virðist, að sumstaðar kynni bústjórinn að hafa talið í þessum mannvirkjum það, sem í raun rjettri ætti að teljast sem viðhald, en eptirleiðis má slíkt ekki eiga sjer stað.

Bústjórinn hefir tekið að sjer ábyrgð á fjósinu eins og öðrum húsum. Bústjórinn hefir ábyrgð á öðrum húsum og mannvirkjum, sem gjörð hafa verið, og felur amtsráðið forseta að útvega skriflega viðurkenningu bústjórans fyrir því.

Ennfremur felur amtsráðið forseta, að heimta skriflegar tillögur bústjórans um hús eða mannvirki, sem hann vill vinna uppí leigu þá, er hann á að greiða.

28. Samkvæmt leigusamningi við bústjóra Flóvent Jóhannsson skal hann greiða árlega:

1. Leigu af heimajörðinni Hólum	kr. 500 00
2. Afgjald Hofa, sem er	— 140 00
3. 4 ^o / _o leigu af matsverði búfjár og lausafjarmuna að upp- hæð kr. 11,128 00	445 12
	Alls kr. 1085 12

Leigan fyrir tvö ár er — 2170 24

Upp í þetta gengur matsverð húsa og mannvirkja kr. 1699 50

Borgun fyrir kennslu, hirðing skólalússins o. fl.

samkvæmt reikningi bústjórans, dags. 20. f. m. — 171 00 = — 1870 50

Hinar eptirstandand kr. 299 74

hefðu átt að greiðast með því, sem bústjórinn hefir unnið í þarfir skólans, en sem bústjórinn hefir gagnstætt samningunum fengið greitt hjá skólalústjóra. Amtsráðið ákvað því að fela forseta að innheimta áður nefndar kr. 299 74 í peningum.

29. Forseti lagði fram brjef frá prófasti Zófoníasi Halldórssyni í Viðvík, dags. 30. f. m., þar sem hann eptir tilmælum forseta skýrir frá því, hvernig hann hyggur að koma megi á verklegri kennslu á Hólum í maí, júní og fram í júlí, og þar sem hann ber fram þá skoðun, að amtið taki aptur að sjer skólalúsið á Hólum og láti reka það fyrir sinn reikning. Amtsráðið athugaði þetta.
30. Um inntöku á búnaðarskólann á Hólum hafa sótt 30 nemendur, en vegna húsrúms er eigi hægt að taka á móti nema 14 nemendum.
31. Forseta var falið að ráða mann næsta vetur til að kenna við búnaðarskólann á Hólum, ráða kennsluáhaldasafninu, aðstoða kennara skólans og fara yfir dagbækur, sem nemendur við verklegt nám eiga að halda, samkvæmt leiðbeiningu skólalústjóra, fyrir 350 kr. laun.

- 112** 32. Amtsráðið ljét í ljós, að það teldi æskilegt að haldinn yrði bændaskóli í marz mánuði næsta vetur, ef skólastjóri sæji sjer það á nokkurn hátt fært.
7. júní
33. Amtsráðsmennirnir lögðu fram reikninga þá, sem nefndir eru í 2. tölulið, og voru þeir samþykktir athugasemdalaust.
34. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýslusjóðsreikningana.
- a. Við sýslusjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti athugavert:
 1. Að borgun fyrir hundahreinsun er sumstaðar 20 aur. fyrir hund, en sumstaðar 25 aur. fyrir hund.
 2. Að skýrslur um hundahreinsun vanta úr Sveinsstaða, Ytri Torfustaða, Fremri Torfustaða og Staðarhreppum og að hinar skýrslurnar eru ófullkomnar.
 - b. Við sýslusjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - c. Við sýslusjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - d. Við sýslusjóðsreikning Suðurþingeyjarsýslu þótti athugavert, að fylgiskjal við gjaldlið 17 vantar og ber reikningshaldara að útvega það og senda.

Reikningarnir voru samþykktir með þessum athugasemdum.

35. Amtsráðsmennirnir lögðu fram sýsluvegasjóðsreikningana og brúarsjóðsreikningana, er voru úrskurðaðir þannig:
- a. Við sýsluvegasjóðsreikning Húnavatnssýslu þótti athugavert, að reikningsskil vanta fyrir kr. 62 00 af fje því, sem lagt hefir verið til vegagjörða í Þverárhreppi. Reikningshaldara ber að útvega og senda reikningsskil þessi.
 - b. Við sýsluvegasjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - c. Við sýsluvegasjóðsreikning Eyjafjarðarsýslu þótti athugavert að skilagrein vantar fyrir 25 kr., sem varið hefir verið til sýsluvega í Hvanneyrarhreppi, og ber að útvega hana og senda.
 - d. Við sýsluvegasjóðsreikning Suðurþingeyjarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - e. Við brúarsjóðsreikning Skagafjarðarsýslu þótti ekkert athugavert.
 - f. Við brúarsjóðsreikninga Húnavatnssýslu og við reikning um útgjöld til brúar á Ytri Laxá þótti ekkert athugavert.
36. Framlagt var brjef Þorsteins Konráðssonar á Eyjólfssstöðum, dags. 27. f. m., þar sem hann kærir að sýslunefnd Húnavatnssýslu hafi neitað að veita lán til viðgjörðar á ferju á Eyjólfssstöðum. Þar sem mál þetta heyrir undir dómstólana, vísar amtsráðið máli þessu frá.
37. Framlögð voru bónarbrjef frá kvennaskóla Eyfirðinga um 400 kr. styrk til skólans, og bónarbrjef frá sýslumanni Húnavatnssýslu um 400 kr. styrk til kvennaskólans þar. Bónarbrjefunum fylgdu skýrslur skólanna og reikningur kvennaskóla Eyfirðinga.

Amtsráðið athugaði, að reikningur kvennaskóla Húnavatnssýslu fylgdi eigi bónarbrjefi frá sýslumanni Húnavatnssýslu, og að það sæist eigi af

reikningi kvennaskóla Eyfirðinga, að þeim 300 kr., sem skólanum hafa verið veittar til vefnaðarkennslu, hafi verið varið samkvæmt tilganginum.

112
7. júní

Amtsráðið ákvað því, að ef skólinn eigi kemur á vefnaðarkennslu á næsta hausti, þá skuli greiða þessar 300 kr. aptur.

Amtsráðið veitti hvorum skóla fyrir sig 400 krónur.

38. Forseti lagði fram reglugjörð um kennslu í kvennaskólanum á Blönduósi, er sýslunefndin í Húnavatnssýslu hefir samþykkt á síðasta fundi sínum. Amtsráðið staðfesti reglugjörð þessa með þeirri breytingu, að enska sje felld burt sem skyldunámsgrein. Reglugjörðin öðlast gildi frá byrjun næsta skólaárs.

39. Forseti lagði fram bönarbrjef frá sýslunefndarmanni Sigurði Jónassyni á Bakka um 100 kr. styrk til að hafa gistihús í Bakkaseli við Öxnadalsheiði á móti jafnri upphæð, er veitt hefir verið úr landssjóði, gegn því að veitt verði úr jafnaðarsjóði lík upphæð.

Amtsráðið veitti hinn umbeðna styrk með því skilyrði að beiðandinn hafi í Bakkaseli rúm handa allt að 10 gestum með nauðsynlegum beina og húsbúnaði, og hús og hey handa allt að 20 gesta hestum. Jafnframt fól amtsráðið forseta að sækja um þessar 100 kr. úr landssjóði, svo framarlega sem hin ömtin eru laus við að greiða líkar upphæðir.

40. Amtsráðið kaus í bókasafnsnefnd til 3 ára:

Prentara Odd Björnsson,
Kennara Stefán Stefánsson,
Hjeraðslækni Sigurð Hjörleifsson.

41. Amtsráðið fól forseta að að flytja prófasti Zófóníasi Halldórssyni í Viðvík einlægt þakklæti ráðsins fyrir kennslu hans í móðurmálinu, umsjón hans með búi og jörð á Hólum og önnur störf hans í þarfir búnaðarskólans á Hólum með ósk um að hann vildi halda störfum þessum áfram.

42. Amtsráðið ákvað, að af námsstyrk þeim, sem ætlaður er skólapiltum á Hólum, skuli verja allt að 250 kr. til verðlauna fyrir góðar teikningar, grasasafn, færslu á dagbókum og ritgjörðir í húsdýrafræði og jarðyrkjufræði. Í hverjum af hinum nefndu námsgreinum má veita þrjú verðlaun. Verðlaunin mega eigi borgast í peningum, en einhverjir hlutir skulu keyptir, sem afhendast þeim, er verðlauna þykja verðir. Það, sem verðlaun eru veitt fyrir, skal vera eign skólans.

43. Amtsráðið ákvað, að dagbækur lærisveina, sem taka þátt í verklegri kennslu skuli vera eign skólans, og fól forseta að ráða mann til að fara yfir dagbækurnar með 3. kennara búnaðarskólans.

44. Var samín og samþykkt svolátandi

áætlun

um tekjur og gjöld búnaðarskólans á Hólum 1905.

Tekjur :

1. Styrkur úr landssjóði	kr. 2500 00
2. Tillag frá jafnaðarsjóði	— 3920 00
3. Afgjald af Hofi og leigur af búfje og landsfje á Hólum	— 580 00

Kr. 7000 00

112

7. júní

Gjöld :

1. Laun kennara:			
a. 1. kennara	kr.	1200 00	
b. 2. kennara	—	800 00	
c. 3. kennara	—	350 00	
d. Tímakennsla	—	350 00	
			kr. 2700 00
2. Endurskoðun og eptirlit	—	150 00	
3. Brunabótagjald	—	180 00	
4. Viðhald á skólahúsi	—	200 00	
5. Hiti, ljós og hirðing skólahússins	—	575 00	
6. Bækur og áhöld	—	800 00	
7. Námsstyrkur á skólanum	—	500 00	
8. Námsstyrkur til verklegrar kennslu	—	500 00	
9. Afborgun og vextir af landssjóðsláni	—	1200 00	
10. Óviss útgjöld	—	195 00	
			Kr. 7000 00

45. Var samín og samþykkt svo hljóðandi

áætlun

um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Norðuramtsins 1905.

Tekjur :

1. Áætlaðar eptirstöðvar	kr.	700 00
2. Jafnaðarsjóðsgjald	—	6000 00
		Kr. 6700 00

Gjöld :

1. Til amtsráðsins	kr.	500 00
2. Til menntamála :		
a. til kvennaskóla Eyfirðinga	kr.	400 00
b. — kvennaskóla í Húnavatnssýslu	—	400 00
c. -- bókasafns Norðuramtsins	—	500 00
d. — búnaðarskólans á Hólum :		
1. Búnaðarskólagjald	kr.	870 00
2. Tillag til skólans	—	3050 00
		kr. 3920 00
3. Tillag til Búnaðarfelag Íslands	—	400 00
4. Vextir og afborgun af spítalaláni	—	174 00
5. Styrkur til gistihúss í Bakkaseli	—	100 00
6. Óviss útgjöld	—	306 00
		Kr. 6700 00

Fleira kom ekki til umræðu.
Fundarbók lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið 7. júní 1904.

112
7. júní

Páll Briem. Árni Jónsson. Stefán Stefánsson. Björn Sigfússon. Ólafur Briem.

Rjetta útskrift staðfestir

Páll Briem.

Fundargjörðir

113
12. ág.

amtsráðs Austuramtsins 10.—12. ágúst 1904.

Ár 1904 hinn 10. dag ágústmánaðar var aðalfundur amtsráðs Austuramtsins settur og haldinn á Seyðisfirði af amtmanni Páli Briem, aðalamtsráðsmanni Austurskaptafellssýslu Þorgrími hjeraðslækni Þórðarsyni á Borgum, varaamtsráðsmanni Suðurmúlasýslu Sveini bónda Ólafssyni í Firði í Mjóafirði, aðalamtsráðsmanni Norðurmúlasýslu síra Einari Þórðarsyni á Bakka í Borgarfirði og aðalamtsráðsmanni Norðurþingeyjarsýslu Árna hreppstjóra Kristjánssyni á Lóni.

Á fundinum voru þessi málefni tekin til meðferðar:

1. Forseti skýrði frá að kosnir hefðu verið sem amtsráðsmenn um 6 ára tíma-
bil.
 - a. Í Austurskaptafellssýslu sem aðalamtsráðsmaður Þorgrímur hjeraðslækni-
ir Þórðarson á Borgum, og sem varaamtsráðsmaður Þorleifur hreppstjóri
Jónsson á Hólum.
 - b. Í Suðurmúlasýslu sem aðalamtsráðsmaður Friðrik kaupmaður Möller á
Eskifirði, og sem varaamtsráðsmaður Sveinn bóndi Ólafsson í Firði í
Mjóafirði. — Amtsráðið samþykkti kosningar þessar.
2. Forseti skýrði frá, að í Norðurmúlasýslu hefði verið kosinn varaamtsráðs-
maður síra Björn Þorláksson á Dvergasteini, í stað varaamtsráðsmanns Jóns
Jónssonar á Vopnafirði, sem farinn er af landi burt, og var kosningin sam-
þykkt.
3. Forseti lagði fram reikninga yfir tekjur og gjöld eftirfylgjandi sjóða 1903
með fylgiskjölum:
 - a. Jafn aðarsjóðs Austuramtsins,
 - b. Bún aðarsjóðs Austuramtsins,
 - c. Bún aðarskólasjóðs Austuramtssins,
 - d. Gjafasjóðs Guttorms prófests Þorsteinssonar,
 - e. Gjafasjóðs Pjeturs sýslumanns Þorsteinssonar.